

## Krossnes

Porleifur Jóhannesson skráði

Bærinn stendur vestanvert við Grundarfjörð fremst á nesi því er myndar fjörðinn, en austnorðan undir fjallinu Stöð (áður Brimlárhöfði).

Í túninu er ekki kunnugt um önnur örnefni en bali, er liggur suður frá íbúðarhúsinu og suður eftir túninu, er kallaður **Hóll** (1). Sunnan við túnið tekur við land annarrar jarðar.

Útsunnan við túnið tekur við flói, sem einu nafni er nefndur **Karlshúsaflói** (2). Í honum, skammt frá túninu, er holt, sem heitir **Barnaholt** (3). Sunnar og ofar er **Móholt** (4) og **Móholtsbarð** (5). Syðst í flóanum er forn stekkjarrúst, er heitir **Vatnsstekkur** (6). Er þá komið syðstu merki hið neðra að **Gálutraðarvatni** (7). Úr Gálutraðarvatni rennur **Karlshúsalækur** (8) niður með Karlshúsaflóa að vestanverðu og niður í **Krossnesvatn** (9). Á eystri bakka lækjarins eru gamlar bæjarrústir, er **Karlshús** (10) heita, eru þær því nær miðja vega milli vatnanna. Fyrir vestan Karlshúsalæk tekur við Gálutraðarland. Það býli er nú í eyði. Næst læknum heita **Gálutraðarengjar** (11), ná þær suður að Gálutraðarvatni suður að tanga, er gengur úti vatnið, er heitir **Skötunes** (12). Tanginn gengur frá vestara landinu. Vestur og upp frá Gálutraðarengjum er hlíðin kölluð **Staðarhlíð** (13), er það austurhlíð **Staðarfjallsins** (14), sem er einstakt fjall og lukt að ofan allt umhverfis hamrabelti, sem er ókleift allt, nema aðeins á einum stað að suðaustan. Klettur þessir heita **Staðarklettur** (15). Upp undan **Gálutröð** (16) eru tvær litlar grasivaxnar syllur, er heita **Hjörtu** (17). eru þær merkilegar fyrir skeljalög, er þær hafa fundizt í móbergssvaða, og eru þau um 130-140 metra yfir sjávarmál. Út með Staðarhlíðinni er stór sérstakur steinn, er **Biskupssteinn** (18) heitir. Nokkru utar er skriða, er heitir **Stóraskriða** (19), og hið neðra er svæði, er **Engjar** (20) heita. Ná þær allt niður að Krossnesvatni. Vestur af Engjunum er hátt barð með klettasyllum, er heitir

**Múlar** (21). Upp af þeim heitir hlíðin **Múlahlíð** (22). Vestasta kastið á Múluunum heitir **Múlahorn** (23). Vestur af Múlahlíð er kölluð **Sandvíkurhlíð** (24). Vestur af henni eru nokkrir smáhvammar, sem einu nafni eru kallaðir **Dalir** (25). Í þeim er einkennileg hamraborg með nokkrum uppmjóum hamraturnum, borg þessi heitir **Tröllakirkja** (26). Þá tekur við **Urðargarður hinn meiri** (27), einkennilegt náttúrusmíði. Þar fyrir utan er **Urðargarður hinn minni** (28) (**Litli-Urðargarður** (29)). Þá er vestast **Nórukró** (30), sérkennileg glufa í sjávarbakkana. Austur af Nórukró eru klettur með sjónum, er heita **Urðarklettur** (31), austarlega er slétt klöpp í fjörunni, er heitir **Skeggjaklöpp** (32). Þar austur af er **Sandvíkurkampur** (33) og **Sandvíkurflatir** (34), en víkin heitir **Sandvík** (35). (Er ekki ólíklegt að vík þess hafi áður heitið **Stöð** (36) og þar verið landing, skipastöð, en nafnið flutst til og fjallið hlotið nafnið eftir að hætt var að nota vikin til landingar, en fjall það heitir nú **Stöð** (37), hét áður **Brimlárhöfði** (38). Í botn Sandvíkur fellur **Sandvíkurlækur** (39) úr Krossnesvatni. Milli Sandvíkur og Grundarfjarðar er allbreitt nes, er það allt girt háum hömrum með sjónum, hamrar þessir heita **Krossnesbjarg** (40). Inn í bjargið ganga víða glufur og skvompur, er einu nafni eru nefndir **Básar** (41). Fremsti hluti nessins heitir **Krossnestangar** (42). Í norðvestur af þeim eru **Tangaflogur** (43). Nokkru austar er **Þjófasker** (44), lítil flúra rétt við Krossnestanga. Á nesinu, eða **Bjarginu** (45), eins og það svæði er nefnt í daglegu tali, er flói allstór, sem heitir **Bjargflói** (46). Allhár klettur er viðlaus aðalbjargið, heitir hann **Stólpinn** (47), suður frá honum er **Skothúsvík** (48). Nokkru sunnar er steinbogi (gangur) úr afar hörðu ljósgráu bergi, gangur þessi heitir **Fótborð** (49), liggur það samhliða bjarginu og er allhátt. Syðst á bjarginu er **Hamarinn** (50), ekki stór, en snotur og svipfagur. Er þá komið að Krossnestúni þeim megin. Frá Sandvík, suður með Sandvíkurlæk að austan, liggur vestari hæðin, er þar kallað **Balarnir** (51), allt suður að **Kiðanesi** (52), sem er allstórt nes, sem gengur suður í Krossnesvatn. En Krossnesvatn heitir allstórt vatn vestur frá Krossnestúninu.

Vestan við aðaltúnið, sem nú er, er hið forna tún og bæjarstæði Krossness, milli túnanna er mýrlend laut; hinn forni bær hefur staðið á hólbarði. Er þar allmiklar rústir. Þar var áður kirkja.

## Stafrófsskrá örnefna

Balar 51	Stöð 36=35
Barnaholt 3	Stöð 37=38
Básar 41	Tangaflögur 43
Biskupssteinn 18	Tröllakirkja 26
Bjarg 45	Urðargarður hinn meiri 27
Bjargflói 46	Urðargarður hinn minni 28=29
Brimlárhöfði 38=37	Urðargarður, Litli- 29=28
Dalir 25	Urðarklettur 31
Engjar 20	Vatnsstekkur 6
Fótbörð 49	Þjófasker 44
Gálutraðarengjar 11	
Gálutraðarvatn 7	
Gálutröð 16	
Hamar 50	
Hjörtu 17	
Hóll 1	
Karlhúsafló 2	
Karlshús 10	
Karlshúsalækur 8	
Kiðanes 52	
Krossnesbjarg 40	
Krossnestangar 42	
Krossnesvatn 9	
Litli-Urðargarður 29=28	
Móholt 4	
Móholtsbarð 5	
Múlahlíð 22	
Múlahorn 23	
Múlar 21	
Nórukró 30	
Sandvík 35=36	
Sandvíkurflatir 34	
Sandvíkurhlíð 24	
Sandvíkurkampur 33	
Sandvíkurlækur 39	
Skeggjaklöpp 32	
Skothúsvík 48	
Skötunes 12	
Staðarfjall 14	
Staðarhlíð 13	
Staðarklettur 15	
Stólpi 47	
Stóraskriða 19	